

L Ö G

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1978 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfangjöld, önnur en þau er um ræðir í aukatekjulögum nr. 79/1975 og reglugerðum settum með heimild í þeim lögum.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta sem um ræðir í 1. gr., en broti úr krónu, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 23. mars 1972, lög nr. 60 30. apríl 1973, I. kafla laga nr. 10 22. mars 1974, II. kafla laga nr. 11 28. apríl 1975, II. kafla laga nr. 20 5. maí 1976 og lög nr. 32 12. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 25. gr. laganna (sbr. 9. gr. I. nr. 11/1975) orðist svo:

- A. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi:

Af fyrstu 615 350 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 246 150 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, en af skattgjaldstekjum yfir 861 500 kr. greið-

ist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar eftir því sem við á.

2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara:

Af fyrstu 861 500 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af næstu 369 230 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, en af skattgjaldstekjum yfir 1 230 730 kr. greiðist 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

2. gr.

26. gr. laganna (sbr. 2. gr. l. nr. 32/1977) orðist svo:

1. Eignarskattur þeirra manna, sem eignarskattskyldir eru skv. lögum þessum, reiknast þannig:

Af fyrstu 8 000 000 kr. skattgjaldseign einstaklinga og fyrstu 12 000 000 kr. skattgjaldseign hjóna greiðist enginn skattur. Af þeirri skattgjaldseign, sem þar er umfram, greiðist 0.8%.

2. Skattur af eignum þeirra innlendu og erlendu félaga og annarra skattskyldra aðila, sem um ræðir í 5. gr., skal vera 0.8% af skattgjaldseign.

3. Eignarskatt, sem ekki nær 1 000 kr., skal fella niður við álagningu.

3. gr.

Við 44. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 2. mgr. og orðist svo:

Skattyfirvöldum er þrátt fyrir ákvæði 49. gr. laga þessara heimilt að veita gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar er nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum, enda standi ákvæði milliríkjasamninga ekki í vegi fyrir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Koma ákvæði 1. gr. til framkvæmda við álagningu tekjuskatts fyrir skattárið 1976, en ákvæði 2. gr. koma til framkvæmda við álagningu eignarskatts fyrir skattárið 1977.

Gjört í Reykjavík 28. desember 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda,
sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977,
um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „ $\frac{3}{4}$ hlutum“ í 3. málsg. 7. gr. laganna komi: $\frac{4}{5}$ hlutum.